

REGLUGERÐ

um (22.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/1988.

1. gr.

Ákvæði í 16. gr. reglugerðarinnar um Bromazepamum breytist og verður svohljóðandi:

Efni	Hámarks magn, sem ávísa má með lyfseðli	Dæmi og undantekningar (merktar *)
Bromazepamum INN	360 mg	*Lexotan, töflur 3 mg: 100 stk. *Lexotan, töflur 6 mg: 60 stk.

2. gr

Svohljóðandi breyting verður í viðauka 3 við reglugerðina. (Listi yfir lyfseðilsskyld lyf): Econazolum INN, nema í lyfjaformum til útvortis notkunar, en eigi yfir 10 mg/g (1%).

3. gr.

Svohljóðandi breyting verður í viðauka 4 við reglugerðina. (Listi yfir undanþágur frá lyfseðilsskyldu):

Econazolum INN fellur brott.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 44. gr lyfjalaga nr. 93/1994, öðlast gildi 1. apríl 1996.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 22. mars 1996.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Rannveig Gunnarsdóttir.

28. mars 1996

Nr. 198

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 14. febrúar 1996 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að landnotkun staðgreinireits 1.241, sem afmarkast af Skipholti í suður, Stórholti í vestur, Brautarholti í norður og Stúfholti í austur breytist; athafnasvæði verður að hluta blandað athafna- og íbúðarsvæði.

Borgarstjórn Reykjavíkur hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytinu, 28. mars 1996.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.